

## REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) nr. 1295/2013

2014/EES/36/70

frá 11. desember 2013

## um að koma á fót áætluninni Skapandi Evrópa (2014–2020) og um niðurfellingu ákvarðana nr. 1718/2006/EB, nr. 1855/2006/EB og nr. 1041/2009/EB (\*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS  
HAGA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 4. mgr. 166. gr., fyrsta undirlið 5. mgr. 167. gr. og 3. mgr. 173. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins<sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitum svæðanefndarinnar<sup>(2)</sup>,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð<sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins er miðað að enn nánari einingu meðal þjóða Evrópu og þar er Sambandinu m.a. falið það verkefni að stuðla að því að menning aðildarríkjanna blómstri, jafnframt því að virða margbreytileika hennar löndum og svæðum og tryggja jafnframt að nauðsynleg skilyrði fyrir samkeppnishæfni iðnaðar séu fyrir hendi í Sambandinu. Í því tilliti styður Sambandið, ef nauðsyn krefur, og eykur við aðgerðir aðildarríkjanna til að virða menningarlega fjölbreytni og margbreytileika tungumála, í samræmi við 167. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og samning Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna frá 2005 um að vernda og styðja við fjölbreytilega, menningarleg tjáningarform („Unesco-samningurinn frá 2005“), til að styrkja samkeppnishæfni menningargeira og skapandi greina og auðvelda aðlögun að breytingum á iðnháttum.
- 2) Stuðningur Sambandsins við menningargeira og skapandi greinar byggist einkum á reynslu af áætlunum Sambandsins, sem koma fram í ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1718/2006/EB<sup>(4)</sup> („MEDIA-áætlunin“), ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1855/2006/EB<sup>(5)</sup>

(„Menningaráætlunin“) og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1041/2009/EB<sup>(6)</sup> („MEDIA Mundus-áætlunin“). Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins<sup>(7)</sup> („aðgerð vegna menningarhöfuðborgar Evrópu“) og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1194/2011/ESB<sup>(8)</sup> („aðgerð vegna menningarmínjamerkis Evrópu“) miða einnig að stuðningi Sambandsins við menningargeira og skapandi greinar.

- 3) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um áætlun Evrópusambandsins í menningarmálum í hnattvæddum heimi, sem ráðið staðfesti í ályktun sinni frá 16. nóvember 2007<sup>(9)</sup> og Evrópuþingið staðfesti í ályktun sinni frá 10. apríl 2008<sup>(10)</sup>, eru sett markmið fyrir framtíðarstarfsemi Sambandsins í menningargeiranum og skapandi greinum. Stefnt er að því að efla menningarlega fjölbreytni og skoðanaskipti milli menningarsamfélaga, menningu sem hvata að skapandi starfi innan ramma hagvaxtar og atvinnusköpunar og menningu sem ómissandi þátt í alþjóðasamskiptum Sambandsins.
- 4) Með tilliti til sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, einkum 11., 21. og 22. gr., leggja menningargeirarnir og skapandi greinar mikilvægan skerf til baráttunnar gegn alla kyns mismunun, þ.m.t. kynþáttaförðum og útlendingahatri, og eru mikilvægur vettvangur tjáningarfrelsis og þess að stuðla að virðingu fyrir menningarlegri fjölbreytni og margbreytileika tungumála.
- 5) Í samningi Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna frá 2005, sem öðlaðist gildi 18. mars 2007 og Sambandið er aðili að, er undirstrikað að menningarstarfsemi og vörur og þjónusta á sviði menningar hafi jafnt efnahagslegt sem menningarlegt gildi þar eð þau endurspeglja sjálfmynd, gildi og merkingu og því má ekki líta svo á að þau hafi eingöngu viðskiptalegt gildi. Sá samningur miðar að því að styrkja alþjóðlega samvinnu, þ.m.t. alþjóðlega samstarfssamninga um framleiðslu og dreifingu, og samstöðu til að efla menningarlegt tjáningarform allra

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 221. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 111/2014 frá 16. maí 2014 um breytingu á bókun 31 (um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins) við EES-samninginn, biður birtingar

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB C 181, 21.6.2012, bls. 35.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 277, 13.9.2012, bls. 156.

<sup>(3)</sup> Afstaða Evrópuþingsins frá 19. nóvember 2013 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 5. desember 2013.

<sup>(4)</sup> Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1718/2006/EB frá 15. nóvember 2006 um framkvæmd áætlunar til stuðnings evrópska hljóð- og myndmiðlageiranum (MEDIA 2007) (Stjtið. ESB L 327, 24.11.2006, bls. 12).

<sup>(5)</sup> Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1855/2006/EB frá 12. desember 2006 um að koma á „Menningaráætluninni“ (2007 til 2013) (Stjtið. ESB L 372, 27.12.2006, bls. 1).

<sup>(6)</sup> Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1041/2009/EB frá 21. október 2009 um að koma á fót áætlun um samvinnu á sviði hljóð- og myndmiðlunar við fagmenn frá þriðju löndum (MEDIA Mundus) (Stjtið. ESB L 288, 4.11.2009, bls. 10).

<sup>(7)</sup> Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1622/2006/EB frá 24. október 2006 um að koma á fót aðgerðaáætlun Bandalagsins vegna menningarhöfuðborgar Evrópu á árunum frá 2007 til 2019 (Stjtið. ESB L 304, 3.11.2006, bls. 1).

<sup>(8)</sup> Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1194/2011/EB frá 16. nóvember 2011 um að koma á fót aðgerðaáætlun Evrópusambandsins vegna menningarmínjamerkis Evrópu (Stjtið. ESB L 303, 22.11.2011, bls. 1).

<sup>(9)</sup> Stjtið. ESB C 287, 29.11.2007, bls. 1.

<sup>(10)</sup> Stjtið. ESB C 247 E, 15.10.2009, bls. 32.

- landa og einstaklinga. Einnig er þar tilgreint að taka beri tilhlýðilegt tillit til sérstakra aðstæðna og þarfa ýmissa þjóðfélagsþópa, þ.m.t. þeirra sem tilheyra minnihlutahópum. Í samræmi við þann samning ætti því að efla menningarlega fjölbreytni á alþjóðavísu með áætlun til stuðnings menningargeirum og skapandi greinum.
- 6) Efling áþreifanlegra og óáþreifanlegra menningarminja, m.a. í ljósi samnings Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna frá 2003 til verndar óáþreifanlegum menningararfi og samnings Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna frá 1972 um verndun menningar- og náttúruarfleifðar heimsins, ætti einnig að stuðla að því að auka virði viðkomandi staða og gefa fólki jafnframt tilfinningu fyrir hlutdeild í menningarlegu og sögulegu gildi slíkra staða.
- 7) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar með fyrirsögninni „Evrópa 2020: stefnumörkun um hugvitssamlegan hagvöxt, sjálfbæran hagvöxt og hagvöxt fyrir alla“ („Stefnumörkun fyrir Evrópu 2020“) er skilgreind stefnumörkun sem miðar að því að breyta Sambandinu í hugvitssamlegt og sjálfbært efnahagskerfi fyrir alla með hátt stig atvinnu, framleiðni og félagslegrar samhaldni. Í þeirri orðsendingu benti framkvæmdastjórnin á að Sambandið hefur þörf fyrir rammaskilyrði sem hafa aukið aðdráttarafl fyrir nýjungar og skapandi starf. Í því tilliti eru menningargeirar og skapandi greinar uppspretta hugmynda um nýjungar, sem breyta má í vörur og þjónustu, sem skapa hagvöxt og störf og eiga þátt í að meðtaka samfélagslegar breytingar. Þar að auki er framúrskarandi árangur og samkeppnishæfni í þessum geirum að mestu leyti afrakstur viðleitni listamanna, skapenda og sérfræðinga sem þarf að efla. Í því skyni ætti að bæta aðgang að fjármagni til menningargeiranna og skapandi greina.
- 8) Í niðurstöðum sínum um upplýsingaþjónustu varðandi hreyfanleika listamanna og menningarsérfræðinga<sup>(1)</sup> staðfesti ráðið að hreyfanleiki listamanna og menningarsérfræðinga væri mikilvægur fyrir Sambandið og til að ná markmiðum þess innan stefnumörkunar fyrir Evrópu 2020 og hvatti aðildarríkin og framkvæmdastjórnina til þess, hvorn aðila á sínu valdsviði og með tilhlýðilegu tilliti til nálægðarreglunnar, að greiða fyrir því að listamenn og menningarsérfræðingar, sem vilja vera hreyfanlegir innan Sambandsins, fái tæmandi og nákvæmar upplýsingar.
- 9) Til þess að endurbæta sameiginlegt menningarsvæði er mikilvægt að efla hreyfanleika menningarþátttakenda og þátttakenda í skapandi starfi milli landa og dreifingu menningar- og sköpunarverka milli landa, þ.m.t. hljóð- og myndmiðlaverka og -framleiðslu, og örva þar með menningarsamskipti og skoðanaskipti milli menningarsamfélaga.
- 10) MEDIA-áætlunin, menningaráætlunin og MEDIA Mundus-áætlunin hafa sætt reglubundinni vöktun og mati utanaðkomandi aðila og haft hefur verið samráð við almenning um framtíð þeirra, og hefur leitt í ljós að þessar áætlanir gegna afar mikilvægu hlutverki við að vernda og efla menningarlega fjölbreytni og margbreytileika tungumála í Evrópu og að þær hafa þýðingu fyrir menningargeirana og skapandi greinar. Einnig kemur í ljós með þessu vöktunar-, mats- og samráðsstarfi, og einnig með ýmsum sjálfstæðum rannsóknum, sér í lagi rannsókn um þátt framkvæmdaraðila í menningar- og sköpunariðnaði, að menningargeirarnir og skapandi greinar standa frammi fyrir sameiginlegum áskorunum, einkum þeim hröðu breytingum sem fylgja stafvæðingu og hnattvæðingu, klofnun markaðarins vegna mismunandi tungumála, efiðleikum við að fá aðgang að fjármagni, flóknum stjórnsýslumeðferðum og skorti á samanburðarhæfum gögnum, sem allt kallar á aðgerðir á vettvangi Sambandsins.
- 11) Evrópskir menningargeirar og skapandi greinar dreifast eðli málsins samkvæmt eftir löndum og tungumálum, sem leiðir til menningarlega auðugs og sérlega óháðs menningarlandslags, þar sem ólíkar menningarhefðir innan menningararfleifðar Evrópu öðlast tjáningarform. Slík fjölbreytni hefur þó einnig í för með sér hindranir sem hefta snurðulausa dreifingu menningar- og sköpunarverka milli landa og hamla hreyfanleika menningarþátttakenda og þátttakenda í skapandi starfi innan Sambandsins og utan, og það getur leitt til landfræðilegs ójafnvægis og þar af leiðandi takmarkað valkosti neytandans.
- 12) Þar eð evrópskir menningargeirar og skapandi greinar einkennast af fjölbreytni tungumála, sem í sumum geirum leiðir til dreifingar eftir tungumálum, eru textun, hljóðsetning og hljóðlýsing nauðsynleg fyrir dreifingu menningar- og sköpunarverka, þ.m.t. hljóð- og myndmiðlaverka.
- 13) Stafvæðingin hefur gríðarleg áhrif á það hvernig vörur og þjónusta á sviði menningar og sköpunar eru framleiddar, hvernig þeim er dreift, hvernig þær fást, þeirra er neytt og komið í verð. Þótt þörfin fyrir að finna nýtt jafnvægi á bættu aðgengi að menningar- og sköpunarverkum, sanngjörnum launagreiðslum til listamanna og skapenda og tilkomu nýrra viðskiptalíkana sé viðurkennd veita þær breytingar, sem stafvæðingin hefur í för með sér, mikla möguleika innan evrópskra menningargeira og skapandi greina og evrópsks samfélags almennt. Lægri dreifingarkostnaður, nýjar dreifileiðir, möguleiki á nýjum og stærri áhorfenda- og áheyrendahópi og nýir möguleikar fyrir sylluvörur geta auðveldað aðgang og aukið útbreiðslu menningar- og sköpunarverka á heimsvísu. Til að nýta þessi tækifæri til fulls og aðlagast stafvæðingu og hnattvæðingu þarf að þróa nýja færni í menningargeirunum og skapandi greinum og

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB C 175, 15.6.2011, bls. 5.

- Þessir geirar þurfa einnig aðgang að meira fjármagni til að geta uppfært búnað, þróað nýjar framleiðslu- og dreifingaraðferðir og aðlagð viðskiptalíkön sín.
- 14) Núverandi starfsvenjur við dreifingu liggja til grundvallar kerfinu fyrir fjármögnun kvikmynda. Samt sem áður er vaxandi þörf fyrir að stuðla að nýjum, aðlaðandi, löglegum tilboðum á Netinu og hvetja til nýsköpunar. Því er brýnt að stuðla að nýjum aðferðum við dreifingu til þess að ný viðskiptalíkön geti orðið til.
  - 15) Stafvæðing í kvikmyndahúsum hefur verið viðvarandi vandamál margra lítilla kvikmyndahúsaeigenda, einkum þeirra sem reka aðeins einn sal, sökum þess hve kostnaður við stafrænan búnað er mikill. Jafnvel þótt menningarmál séu fyrst og fremst í höndum aðildarríkjanna og þau ættu því áfram að fást við það málefni á lands-, svæðis- og staðarvísu, eftir því sem við á, er möguleiki fyrir hendi á fjármögnun úr áætlunum og sjóðum Sambandsins, einkum þeim sem miða að staðbundinni og svæðisbundinni þróun.
  - 16) Áhorfenda- og áheyrendaþróun, einkum meðal ungmenna, krefst sérstakrar skuldbindingar frá hendi Sambandsins til að styðja fjölmiðla- og kvikmyndalæsi sérstaklega.
  - 17) Ein mesta áskorunin fyrir menningargeirana og skapandi greinar, einkum að því er varðar örfyrirtæki og litil og meðalstór fyrirtæki, örstofnanir og litlar og meðalstórar stofnanir, þ.m.t. stofnanir sem eru ekki reknar í hagnaðarskyni og fjáls félagasamtök, eru erfiðleikarnir sem þau standa frammi fyrir við að fá aðgang að því fjármagni sem þau þurfa til að fjármagna starfsemi sína, vaxa og viðhalda og auka samkeppnishæfni sína eða alþjóðavæða starfsemina. Þótt áskorunin sé almennt sameiginleg litlum og meðalstórum fyrirtækjum er ástandið talsvert erfiðara í menningargeiranum og skapandi greinum vegna þess að mikið af eignum þeirra eru óáþreifanlegar, starfsemi þeirra miðast við að gera frumgerðir og vegna eðlislægrar þarfar til að taka áhættu og gera tilraunir til nýsköpunar. Skilningur þarf að vera á slíkri áhættusækni og stuðningur við hana, einnig í fjármálagreinanum.
  - 18) Tilraunaverkefnið „Samtök skapandi atvinnugreina Evrópu“ er framtaksverkefni sem liggur þvert á atvinnugreinar og styður einkum skapandi atvinnugreinar á vettvangi stjórnmála. Tilraunaverkefnið á að miðast við að útvega meira fjármagn til skapandi atvinnugreina og örva eftirspurn annarra atvinnugreina og -geira eftir þjónustu skapandi atvinnugreina. Ný verkfæri fyrir betri stuðning við nýjungar í skapandi atvinnugreinum verða prófuð og notuð fyrir fræðsluvettvang um stefnumótun sem samanstendur af evrópskum, landsbundnum og svæðisbundnum hagsmunaaðilum.
  - 19) Sameining yfirstandandi MEDIA-áætlunar, Menningar-áætlunarinnar og MEDIA Mundus-áætlunarinnar fyrir menningargeirana og skapandi greinar í eina heildaráætlun („áætlunina“) mundi á skilvirkari hátt styðja litil og meðalstór fyrirtæki, örstofnanir og litlar og meðalstórar stofnanir í viðleitni þeirra til að nýta sér tækifærin sem bjóðast með stafvæðingunni og hnattvæðingunni og hjálpa þeim að leysa þann vanda sem eins og sakir standa leiðir til klofnunar markaðarins. Til að skila árangri ætti í áætluninni að taka tillit til sérstaks eðlis hinna ýmsu geira, mismunandi markhópa þeirra og sérþarfa með sérsniðnum nálgunum innan tveggja sjálfstæðra undiráætlana og þverfaglegs áætlanasviðs. Einkum er mikilvægt að tryggja samlegðaráhrif milli framkvæmdar áætlunarinnar og landsbundinna og svæðisbundinna aðferða fyrir skynsamlega sérhæfingu. Í því skyni ætti áætlunin að koma á samfelldu stuðningskerfi fyrir mismunandi menningargeira og skapandi greinar sem felst í styrkjakerfi að viðbættum fjármálagerningi.
  - 20) Áætlunin ætti að taka tillit til tvöfalds eðlis menningar og menningarstarfsemi og viðurkenna annars vegar innra virði og listrænt gildi menningar og hins vegar efnahagslegt gildi þessara geira, þ.m.t. umfangsmikið samfélagslegt framlag þeirra til skapandi starfs, nýjunga og félagslegrar aðlögunar.
  - 21) Að því er varðar framkvæmd áætlunarinnar ætti að taka tillit til innra virðis menningar og sérstaks eðlis menningargeira og skapandi greina, þ.m.t. mikilvægis stofnana sem eru ekki reknar í hagnaðarskyni og verkefna samkvæmt undiráætlun á sviði menningar.
  - 22) Sjálfstæður fjármálagerningur, ábyrgðarfyrirgreiðsla við menningargeira og skapandi greinar („ábyrgðarfyrirgreiðslan“) ætti að gera menningargeirum og skapandi greinum kleift að vaxa og ætti einkum að vera næg lyftistöng fyrir nýjar aðgerðir og tækifæri. Valdir fjármálamilliliðir ættu að styðja menningarverkefni og skapandi verkefni til að tryggja jafnvægi í lánasafni að því er varðar landfræðilega útbreiðslu og jafnt hlutfall fulltrúa geira. Auk þess gegna opinberar og einkareknar stofnanir mikilvægu hlutverki í því samhengi til þess að ná fram viðtækri aðkomu að því er varðar ábyrgðarfyrirgreiðsluna.
  - 23) Einnig ætti að veita fjármagn til menningarhöfuðborga Evrópu og stjórnsýslu við aðgerðina menningarminjamerki Evrópu þar eð þessar aðgerðir stuðla að því að styrkja tilfinninguna fyrir því að tilheyra sameiginlegu menningarsvæði, örva skoðanaskipti milli menningarsamfélaga og auka gagnkvæman skilning og gildi menningararfleifðar.

- 24) Auk aðildarríkjanna og landa og yfirráðasvæða handan hafsins, sem eru hæf til þátttöku í áætluninni skv. 58. gr. ákvörðunar ráðsins 2001/822/EB<sup>(12)</sup>, ætti þeim löndum Fríverslunarsamtaka Evrópu („EFTA“) sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES) og Ríkjasambandinu Sviss einnig að vera frjálst að taka þátt í áætluninni með fyrirvara um tiltekin skilyrði. Inngöngulönd, umsóknarlönd og möguleg umsóknarlönd sem njóta ávinnings af foraðildaráætluninni og lönd sem falla undir evrópsku nágrannastefnuna ættu einnig að geta tekið þátt í áætluninni, þó ekki að því er varðar ábyrgðarfyrirgreiðsluna.
- 25) Áætlunin ætti þar að auki að vera opin fyrir tvíhliða eða marghliða samvinnu við þriðju lönd á grundvelli viðbótarfjárveitinga sem ber að ákveða og sérstaks fyrirkomulags sem hlutaðeigandi aðilar skulu sammælast um.
- 26) Efla ætti samvinnu á sviði menningar og hljóð- og myndmiðlunar milli áætlunarinnar og stofnana á borð við Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, Evrópuráðið, Efnahags- og framfarastofnunina („OECD“) og Alþjóðahugverkastofnunina („WIPO“).
- 27) Nauðsynlegt er að tryggja evrópskan virðisauka allra aðgerða og starfsemi, sem fer fram innan áætlunarinnar, og að þær aðgerðir og sú starfsemi komi starfsemi aðildarríkjanna til fyllingar, fylgi ákvæðum 4. mgr. 167. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og samræmist annarri starfsemi Sambandsins, einkum á sviði menntamála, atvinnamála, innri markaðarins, fyrirtækja, æskulýðsmála, heilbrigðismála, borgararéttar og dómsmála, rannsókna og nýsköpunar, stefnu í iðnaðarmálum og samheldni, ferðamála og samskipta við önnur ríki, viðskipta og þróunar og stafrænu áætlunarinnar.
- 28) Í samræmi við meginreglurnar um frammistöðumat ættu málsmeðferðarreglurnar um vöktun og mat á áætluninni að ná yfir ítarlegar ársskýrslur og vísa til sértækra, mælanlegra, raunsærra, viðeigandi og tímabundinna markmiða og vísa, þ.m.t. eigindlega vísa. Í verklaagsreglum um vöktun og mat ætti að taka til greina starf viðkomandi aðila, s.s. Hagstofu Evrópusambandsins og niðurstaðna menningarverkefnis ESS-netsins (evrópska hagskýrslukerfisins) og Hagskýrslustofnunar Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna. Í því samhengi, að því er varðar hljóð- og myndmiðlageirann, ætti Sambandið að halda áfram þátttöku í Evrópsku athugunarstöðinni á sviði hljóð- og myndmiðlunar („athugunarstöðinni“).
- 29) Til að tryggja hámarksvöktun og -mat á áætluninni þann tíma sem hún varir ætti að fela framkvæmdastjórninni heimildina til að samþykkja gerðir, í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, varðandi samþykki á frekari megindlegum og eigindlegum vísnum. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga. Framkvæmdastjórnin skal við undirbúning og samningu framseldra gerða tryggja samhliða, tímanlega og viðeigandi afhendingu viðkomandi skjala til Evrópuþingsins og ráðsins.
- 30) Samkvæmt skýrslu framkvæmdastjórnarinnar frá 30. júlí 2010 um áhrifin af ákvörðunum Evrópuþingsins og ráðsins um breytingu á lagagrunnum evrópsku áætlanna á sviði ævináms, menningarmála, æskulýðsmála og borgararéttar hafa umtalsvert minni tafir á stjórnarnefndarmeðferðinni leitt til skilvirkari áætlana. Sérstaklega ber að gæta þess að stjórnsýslumeðferð og meðferð fjármála verði áfram einfölduð, t.d. með því að nota traust, hlutlæg og reglulega uppfærð kerfi til að ákvarða eingreiðslur, einingarkostnað og fasta fjármögnun.
- 31) Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd þessara reglugerðar skal framkvæmdastjórninni falið framkvæmdarvald. Þessu valdi ber að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011<sup>(13)</sup>.
- 32) Í samræmi við reglugerð ráðsins (EB) nr. 58/2003<sup>(14)</sup> hefur framkvæmdastjórnin frá árinu 2009 falið framkvæmdaskrifstofu mennta- og menningarmála og hljóð- og myndmiðlunar að vinna að þeim verkefnum er varða framkvæmd á aðgerðum Sambandsins á sviði mennta- og menningarmála og hljóð- og myndmiðlunar. Framkvæmdastjórnin getur því, á grundvelli kostnaðar- og ábatagreiningar, leitað til framkvæmdaskrifstofu sem fyrir er um framkvæmd áætlunarinnar, eins og kveðið er á um í þeirri reglugerð.
- 33) Í þessari reglugerð er mælt fyrir um fjárhagsramma sem gildir meðan áætlunin varir og er helsta viðmiðunarfjárhæð Evrópuþingsins og ráðsins við árlega fjárlagagerð, í skilningi 17. liðar samstarfssamnings frá 2. desember 2013 milli Evrópuþingsins, ráðsins

<sup>(12)</sup> Ákvörðun ráðsins 2001/822/EB frá 27. nóvember 2001 um tengsl landa og yfirráðasvæða handan hafsins við Evrópubandalagið (Stjtið. EB L 314, 30.11.2001, bls. 1).

<sup>(13)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdavaldi sínu (Stjtið. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

<sup>(14)</sup> Reglugerð ráðsins (EB) nr. 58/2003 frá 19. desember 2002 um stofnsamþykkt framkvæmdaskrifstofa sem verða falin tiltekin verkefni í tengslum við stjórnun áætlana Bandalagsins (Stjtið. ESB L 11, 16.1.2003, bls. 1).

- og framkvæmdastjórnarinnar um aga í stjórn fjármála, samstarf við fjárlagagerð og trausta fjármálastjórn<sup>(15)</sup>.
- 34) Vernda ber fjárhagslega hagsmuni Sambandsins meðan á útgjaldatímabilinu stendur með ráðstöfunum sem eru í réttu hlutfalli við brot, þ.m.t. ráðstöfunum til að koma í veg fyrir, greina og rannsaka misfellur, endurheimta fjármuni sem hafa glatast, verið ranglega greiddir eða notaðir á rangan hátt og, þar sem við á, með stjórnsýsluviðurlögum og fjárhagslegum viðurlögum í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 966/2012<sup>(16)</sup> („fjárhagsreglugerðina“).
- 35) Með tilliti til Evrópuskrifstofunnar um aðgerðir gegn svikum („OLAF“) og samkvæmt reglugerð ráðsins (KBE, EB) nr. 2185/96<sup>(17)</sup> og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 883/2013<sup>(18)</sup> ætti að gera viðeigandi ráðstafanir og hrinda þeim í framkvæmd til að koma í veg fyrir svik og til að endurheimta fjármuni sem hafa glatast, verið yfirfærðir eða notaðir á rangan hátt.
- 36) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar reglugerðar, þ.e. að vernda, þróa og efla menningarlega fjölbreytni og margbreytileika tungumála í Evrópu, efla menningararf Evrópu og styrkja samkeppnishæfni evrópskra menningargeira og skapandi greina, einkum hljóð- og myndmiðlageirans, vegna þess hve áætlunin er fjölbjódleg og alþjóðleg, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna umfangs og fyrirhugaðra áhrifa, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhöfsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessum markmiðum.
- 37) Því skal fella ákvarðanir nr. 1718/2006/EB, nr. 1855/2006/EB og nr. 1041/2009/EB úr gildi.
- 38) Sjá skal til þess að gerðar séu ráðstafanir til að tryggja aðlögunina frá áætlunum MEDIA, Menning og MEDIA Mundus að áætluninni.
- 39) Í því skyni að tryggja áframhaldandi fjárhagsstuðning, sem er veittur samkvæmt áætluninni, getur framkvæmdastjórnin litið svo á að kostnaður, sem tengist beint framkvæmd starfsemi og aðgerða sem njóta stuðnings, sé aðstoðarhæfur jafnvel þótt styrkþegi hafi stofnað til hans áður en styrkumsóknin var lögð fram.
- 40) Í því skyni að tryggja áframhaldandi fjárhagsstuðning, sem er veittur samkvæmt áætluninni, ætti þessi reglugerð að gilda frá og með 1. janúar 2014. Af brýnum ástæðum öðlast reglugerð þessi gildi eins skjótt og unnt er eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

#### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

##### I. KAFLI

##### Almenn ákvæði

##### 1. gr.

##### Stofnsetning og gildistími

1. Með þessari reglugerð er komið á fót áætluninni Skapandi Evrópa til að styðja evrópska menningargeira og skapandi greinar („áætlunin“).

2. Áætlunin skal framkvæmd á tímabilinu frá 1. janúar 2014 til 31. desember 2020.

##### 2. gr.

##### Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „menningargeirar og skapandi greinar“: allir geirar þar sem starfsemin byggist á menningarlegum gildum og/ eða listrænu og öðru skapandi tjáningarformi, hvort sem starfsemin er markaðsmiðuð eða ekki, hvernig sem framkvæmdarskipulagi hennar er háttað og án tillits til þess hvernig skipulagið er fjármagnað. Þessi starfsemi tekur til þróunar, sköpunar, framleiðslu, miðlunar og varðveislu á vörum og þjónustu, sem felur í sér menningarleg, listræn eða önnur skapandi tjáningarform, ásamt tengdri starfsemi á borð við menntun eða stjórnun. Menningargeirar og skapandi greinar ná m.a. yfir byggingarlist, skjalasöfn, bókasöfn og önnur söfn, listrænt handverk, hljóð- og myndmiðlun (þ.m.t. kvikmyndir, sjónvarp, skjáleiki og margmiðlun), áþreifanlegan og óáþreifanlegan menningararf, hönnun, hátíðahöld, tónlist, bókmenntir, sviðslistir, útgáfustarfsemi, útvarp og sjónlistir,

2) „lítill og meðalstór fyrirtæki“: örfyrirtæki og lítill og meðalstór fyrirtæki eins og skilgreint er í tilmælum framkvæmdastjórnarinnar 2003/361/EB<sup>(19)</sup>,

<sup>(15)</sup> Stjtið. ESB C 420, 20.12.2013, bls. 1.

<sup>(16)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 966/2012 frá 25. október 2012 um fjárhagsreglur sem gilda um fjárlög Sambandsins og um niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EB, KBE) nr. 1605/2002 (Stjtið. ESB L 298, 26.10.2012, bls. 1).

<sup>(17)</sup> Reglugerð ráðsins (KBE, EB) nr. 2185/96 frá 11. nóvember 1996 um vettvangseftirlit og athuganir sem framkvæmdastjórnin framkvæmir til þess að vernda fjárhagslega hagsmuni Evrópubandalaganna gegn svikum og öðrum brotum (Stjtið. EB L 292, 15.11.1996, bls. 2).

<sup>(18)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB, KBE) nr. 883/2013 frá 11. september 2013 um rannsóknir Evrópuskrifstofunnar um aðgerðir gegn svikum (OLAF) og um niðurfellingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1073/1999 og reglugerð ráðsins (KBE) nr. 1074/1999 (Stjtið. ESB L 248, 18.9.2013, bls. 1).

<sup>(19)</sup> Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2003/361/EB frá 6. maí 2003 um skilgreiningu á örfyrirtækjum og litlum og meðalstórum fyrirtækjum (Stjtið. ESB L 124, 20.5.2003, bls. 36).

- 3) „þátttakandi fjármálamililiðir“: fjármálamililiðir í skilningi annarrar undirgreinar 4. mgr. 139. gr. fjárhagsreglugerðarinnar, valdir samkvæmt ábyrgðarfyrirgreiðslunni í samræmi við fjárhagsreglugerðina og I. viðauka við þessa reglugerð, sem veita eða ráðgera að veita:
- a) lán til lítilla og meðalstórra fyrirtækja, örstofnana og lítilla og meðalstórra stofnana í menningargeirum og skapandi greinum (ábyrgðir frá Fjárfestingarsjóði Evrópu („EIF“)) eða
  - b) lántryggingar til annarra fjármálamililiða sem veita lán til lítilla og meðalstórra fyrirtækja, örstofnana og lítilla og meðalstórra stofnana í menningargeirum og skapandi greinum (bakábyrgðir frá Fjárfestingarsjóði Evrópu),
- 4) „aðilar sem sjá um að byggja upp færni“: einingar sem geta lagt til sérþekkingu í samræmi við I. viðauka til að gera þátttakandi fjármálamililiðum kleift að meta á skilvirkan hátt sérstaka eiginleika og áhættu í tengslum við lítill og meðalstór fyrirtæki, örstofnanir og litlar og meðalstórar stofnanir í menningargeirum og skapandi greinum og verkefni þeirra.

3. gr.

#### Almenn markmið

Almenn markmið með áætluninni skulu vera:

- a) að vernda, þróa og efla menningarlega fjölbreytni og margbreytileika tungumála í Evrópu og efla menningararf Evrópu,
- b) að styrkja samkeppnishæfni evrópskra menningargeira og skapandi greina, einkum hljóð- og myndmiðlageirans, í því skyni að stuðla að hugvittsamlegum hagvexti, sjálfbærum hagvexti og hagvexti fyrir alla.

4. gr.

#### Sértæk markmið

Sértæk markmið með áætluninni skulu vera:

- a) að styðja getu evrópskra menningargeira og skapandi greina til þess að starfa milli landa og á alþjóðavísu,
- b) að stuðla að dreifingu menningar- og sköpunarverka milli landa og hreyfanleika menningarþátttakenda og þátttakenda í skapandi starfi milli landa, einkum listamanna, auk þess að ná til nýrri og stærrri áhorfenda- og áheyrendahóps og bæta aðgang að menningar- og sköpunarverkum í Sambandinu og víðar, með sérstakri áherslu á börn, ungmenni, fatlað fólk og hópa sem eiga sér fáa málsvara,
- c) að styrkja fjárhagslega getu lítilla og meðalstórra fyrirtækja, örstofnana og lítilla og meðalstórra stofnana í

menningargeirum og skapandi greinum á sjálfbæran hátt, jafnframt því að leitast við að tryggja jafna landfræðilega útbreiðslu og jafnt hlutfall fulltrúa geira,

- d) að stuðla að stefnumótun, nýsköpun, skapandi starfi, áhorfenda- og áheyrendapróun og nýjum viðskipta- og stjórnunarlíkönunum með því að styðja samstarf milli landa um stefnumótun.

5. gr.

#### Evrópskur virðisauki

1. Sem viðurkenning á innra virði og efnahagslegu gildi menningar skal áætlunin styðja starfsemi og aðgerðir sem hafa evrópskan virðisauka í menningargeirum og skapandi greinum. Hún skal stuðla að því að ná markmiðum stefnumörkunar fyrir Evrópu 2020 og forystuverkefnum hennar.

2. Tryggja skal evrópskan virðisauka með einu eða fleiri af eftirfarandi:

- a) fjölpjódlegum eiginleikum starfsemi og aðgerða, sem koma til fyllingar svæðisbundnum, landsbundnum, alþjóðlegum og öðrum áætlunum og stefnumálum Sambandsins, og áhrifum slíkra aðgerða og starfsemi á menningargeira og skapandi greinar og einnig á borgarana og þekkingu þeirra á annarri menningu en sinni eigin,
- b) þróun og eflingu fjölpjóðlegs samstarfs milli menningarþátttakenda og þátttakenda í skapandi starfi, þ.m.t. listamanna, fagfólks innan hljóð- og myndmiðlageirans, menningarstofnana, skapandi stofnana og rekstraraðila í hljóð- og myndmiðlageiranum, með áherslu á að hvetja til umfangsmeiri, skjótari og skilvirkari langtíma viðbragða við hnattrænum viðfangsefnum,
- c) þeirri stærðarhagkvæmni og þeim nauðsynlega efniviði sem leiðir af stuðningi Sambandsins og er lyftistöng fyrir frekari fjármögnun,
- d) jafnari samkeppnisskilyrðum í menningargeirum og skapandi greinum með því að taka tillit til landa með litla framleiðslugetu og/eða landa eða svæða þar sem landsvæði og/eða málsvæði er takmarkað.

6. gr.

#### Uppbygging áætlunarinnar

Áætlunin skal samanstanda af:

- a) MEDIA-undiráætlun,
- b) menningarundiráætlun,
- c) þverfaglegu áætlanasviði.

## 7. gr.

**Kennimerki undiráætlna**

1. Framkvæmdastjórnin skal tryggja sýnileika áætlunarinnar með því að nota kennimerki fyrir hverja undiráætlun.
2. Styrkþegar samkvæmt MEDIA-undiráætluninni skulu nota kennimerkið sem er tilgreint í II. viðauka. Framkvæmdastjórnin skal ákvarða einstök atriði er varða notkun þess kennimerkis og tilkynna styrkþegum.
3. Styrkþegar samkvæmt menningarundiráætluninni skulu nota það kennimerki sem framkvæmdastjórnin ákveður. Framkvæmdastjórnin skal ákvarða einstök atriði er varða notkun þess kennimerkis og tilkynna styrkþegum.
4. Framkvæmdastjórnin og skrifstofurnar fyrir Skapandi Evrópu, sem um getur í 16. gr., mega einnig nota kennimerki undiráætlanna.

## 8. gr.

**Aðild að áætluninni**

1. Áætlunin skal skapa menningarlega fjölbreytni á alþjóðavísu í samræmi við samning Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna frá 2005.
2. Aðildarríkjnum er frjálst að taka þátt í þessari áætlun.
3. Með fyrirvara um 4. mgr. skal eftirtöldum löndum vera frjálst að taka þátt í þessari áætlun að því tilskildu að þau leggi til viðbótarfjárveitingu og, fyrir MEDIA-undiráætlunina, að þau uppfylli skilyrðin í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/13/ESB <sup>(20)</sup>:
  - a) inngöngulöndum, umsóknarlöndum og hugsanlegum umsóknarlöndum, sem njóta ávinnings af foraðildaráætlun, í samræmi við almennar meginreglur og almenna skilmála og skilyrði fyrir þátttöku þessara landa í áætlunum Sambandsins, sem mælt er fyrir um í viðkomandi rammamningum, ákvörðunum samstarfsráða eða svipuðum samningum,
  - b) EFTA-löndum sem eru aðilar að EES-samningnum, í samræmi við þann samning,
  - c) Ríkjasambandinu Sviss, á grundvelli tvíhliða samnings við það land,
  - d) löndum sem evrópska nágrannastefnan tekur til, í samræmi við þær verklagsreglur sem komið er á með þeim löndum samkvæmt rammamningum um þátttöku þeirra í áætlunum Sambandsins.

4. Þau lönd, sem um getur í a- og d-lið 3. mgr., eru útilokuð frá þátttöku í ábyrgðarfyrirgreiðslunni.

5. Áætlunin skal vera opin tvíhliða eða marghliða samvinnuadgerðum sem beinast að útvöldum löndum eða svæðum á grundvelli viðbótarfjárveitinga frá þeim og sérstaks fyrirkomulags sem semja skal um við þessi lönd eða svæði.

6. Samkvæmt áætluninni skal leyfa samvinnu og sameiginlegar aðgerðir með löndum, sem ekki taka þátt í áætluninni, og stofnunum, sem eru virkar í menningargeirum og skapandi greinum, s.s. Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, Evrópuráðinu, Efnahags- og framfarastofnuninni eða Alþjóðahugverkastofnuninni á grundvelli sameiginlegra framlaga til að ná fram markmiðum áætlunarinnar.

## II. KAFLI

**MEDIA-undiráætlunin**

## 9. gr.

**Forgangsverkefni í MEDIA-undiráætluninni**

1. Eftirfarandi skal hafa forgang við að efla getu evrópska hljóð- og myndmiðlageirans til þess að starfa fjölþjóðlega:
  - a) að auðvelda fagfólki í hljóð- og myndmiðlageiranum að afla sér og bæta færni sína og hæfi, auðvelda þróun netkerfa, þ.m.t. notkun stafrænnar tækni til að tryggja aðlögun að markaðsþróun, prófun á nýjum nálgunum í áhorfenda- og áheyrendaþróun og prófun á nýjum viðskiptalíkönum,
  - b) að auka getu rekstraraðila í hljóð- og myndmiðlageiranum til að þróa evrópsk hljóð- og myndmiðlaverk með möguleika á að dreifa þeim innan Sambandsins og utan og að auðvelda evrópska og alþjóðlega samframleiðslu, m.a. með sjónvarpsstöðvum,
  - c) að hvetja til miðlunar milli fyrirtækja með því að auðvelda aðgang að mörkuðum og verkfærum fyrir viðskipti, sem gera rekstraraðilum í hljóð- og myndmiðlageiranum kleift að gera verkefni sín sýnilegri, hvort tveggja á mörkuðum Sambandsins og alþjóðamörkuðum.
2. Forgangsverkefni við dreifingu milli landa skulu vera eftirfarandi:
  - a) að styðja dreifingu kvikmynda með fjölþjóðlegri markaðssetningu, þróun vörumerkja, dreifingu og sýningu á hljóð- og myndmiðlaverkum,
  - b) að efla fjölþjóðlega markaðssetningu, þróun vörumerkja og dreifingu hljóð- og myndmiðlaverka á öðrum vettvangi en í kvikmyndahúsum,

<sup>(20)</sup> Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/13/ESB frá 10. mars 2010 um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnisýslufyrirmælum í aðildarríkjnum um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu (tilskipun um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu) (Stjttíð. ESB L 95, 15.4.2010, bls. 1).

- c) að styðja áhorfenda- og áheyrendaþróun sem leið til að ýta undir áhuga á og bæta aðgengi að evrópskum hljóð- og myndmiðlaverkum, einkum með kynningu, viðburðum, kvikmyndalæsi og hátíðum,
- d) að efla nýjar dreifingaraðferðir til að ný viðskiptalíkön geti orðið til.

*10. gr.*

**Stuðningsráðstafanir í MEDIA-undiráætluninni**

Með tilliti til forgangsverkefnanna, sem koma fram í 9. gr., skal styðja eftirfarandi í MEDIA-undiráætluninni:

- a) þróun umfangsmikilla ráðstafana til þjálfunar, sem hvetur fagfólk í hljóð- og myndmiðlageiranum til að afla sér og bæta færni sína og hæfi, miðlun þekkingar og netsamstarfsverkefni, þ.m.t. samþætting stafrænnar tækni,
- b) þróun evrópskra hljóð- og myndmiðlaverka, einkum kvikmynda og sjónvarpsefnis á borð við skáldskap, heimildamyndir, barnamyndir og teiknimyndir, auk verka sem kalla á gagnvirkni, s.s. skjáleikja og margmiðlunar með auknum möguleikum á dreifingu yfir landamæri,
- c) starfsemi í þeim tilgangi að styðja evrópsk framleiðslufyrirtæki á sviði hljóð- og myndmiðlunar, einkum sjálfstæð framleiðslufyrirtæki, með tilliti til þess að auðvelda evrópska og alþjóðlega samframleiðslu hljóð- og myndmiðlaverka, þ.m.t. sjónvarpsefni,
- d) starfsemi sem stuðlar að því að evrópskir og alþjóðlegir samframleiðendur komi saman og/eða er óbeinn stuðningur við samframleidd hljóð- og myndmiðlaverk gegnum alþjóðlega samframleiðslusjóði sem hafa aðsetur í landi sem tekur þátt í áætluninni,
- e) að auðvelda aðgang að faglegum hljóð- og myndmiðlaviðburðum og -mörkuðum og notkun verkfæra fyrir netviðskipti innan og utan Sambandsins,
- f) að koma á fót stuðningskerfum fyrir dreifingu á evrópskum kvikmyndum utan framleiðslulandsins með dreifingu í kvikmyndahúsum og á öðrum vettvangi, ásamt alþjóðlegri sölustarfsemi, einkum textun, hljóðsetningu og hljóðlýsingu hljóð- og myndmiðlaverka,
- g) að auðvelda dreifingu evrópskra kvikmynda um allan heim og alþjóðlegra kvikmynda í Sambandinu á öllum dreifingarkerfum, með alþjóðlegum samvinnuverkefnum í hljóð- og myndmiðlageiranum,
- h) evrópsk netkerfi fyrir rekstraraðila kvikmyndahúsa sem sýna verulegt magn kvikmynda frá öðrum Evrópulöndum,

- i) framtaksverkefni sem sýna og kynna fjölbreytt úrval af evrópskum hljóð- og myndmiðlaverkum, þ.m.t. stuttmyndum, s.s. hátíðir og aðrir kynningarviðburðir,
- j) starfsemi í þeim tilgangi að efla kvikmyndalæsi og auka þekkingu og áhuga áhorfenda og áheyrenda á evrópskum hljóð- og myndmiðlaverkum, þ.m.t. menningararfi á sviði hljóð- og myndmiðlunar og kvikmynda, einkum meðal ungs fólks,
- k) nýsköpunaraðgerðir þar sem ný viðskiptalíkön og verkfæri eru prófuð á sviðum sem geta orðið fyrir áhrifum af innleiðingu og notkun stafrænnar tækni.

*11. gr.*

**Evrópska athugunarstöðin**

1. Sambandið skal vera aðili að athugunarstöðinni á meðan áætlunin varir.
2. Þátttaka Sambandsins í athugunarstöðinni skal stuðla að því að forgangsverkefni MEDIA-undiráætlunarinnar nái fram að ganga með því að:
  - a) hvetja til gagnsæis og að koma á jöfnum samkeppnis skilyrðum að því er varðar aðgang að lagalegum upplýsingum og fjárhags-/markaðsupplýsingum og stuðla að samannburðarhæfi lagalegra og tölulegra upplýsinga,
  - b) leggja fram upplýsingar og markaðsgreiningu sem gagnast við útfærslu aðgerðalína í MEDIA-undiráætluninni og mat á áhrifum þeirra á markaðinn.
3. Framkvæmdastjórnin skal vera fulltrúi Sambandsins í samskiptum við athugunarstöðina.

*III. KAFLI*

**Menningarundiráætlunin**

*12. gr.*

**Forgangsverkefni í menningarundiráætluninni**

1. Eftirfarandi skal hafa forgang við að efla getu menningargeira og skapandi greina til þess að starfa fjölbjóðlega:
  - a) að styðja aðgerðir sem veita menningarþátttakendum og þátttakendum í skapandi starfi færni, hæfi og verkunnáttu sem stuðlar að því að styrkja menningargeira og skapandi greinar, þ.m.t. að hvetja til aðlögunar að stafrænni tækni, prófunar á nýstárlegum nálgunum fyrir áhorfenda- og áheyrendaþróun og prófunar á nýjum viðskipta- og stjórnumarlíkönunum,



- b) að styðja aðgerðir sem gera menningarþátttakendum og þátttakendum í skapandi starfi kleift að starfa saman alþjóðlega og alþjóðavæða starfsframa sinn og starfsemi í Sambandinu og víðar, ef unnt er á grundvelli stefnumörkunar til langs tíma,
- c) að veita stuðning til að styrkja evrópskar menningarstofnanir og skapandi stofnanir og alþjóðlegt netsamstarf til þess að auðvelda aðgang að atvinnutækifærum.
2. Eftirfarandi skal hafa forgang við að stuðla að dreifingu og hreyfanleika milli landa:
- a) að styðja alþjóðlegar sýningaferðir (e. international touring), atburði, sýningar og hátíðir,
- b) að styðja dreifingu evrópskra bókmennta með tilliti til þess að tryggja mesta mögulega aðgang að þeim,
- c) að styðja áhorfenda- og áheyrendaþróun sem leið til að auka áhuga á og bæta aðgang að evrópskum menningar- og sköpunarverkum og áþreifanlegum og óáþreifanlegum menningararfi.

### 13. gr.

#### Stuðningsráðstafanir í menningarundiráætluninni

1. Með tilliti til framkvæmdar forgangsverkefna, sem eru tilgreind í 12. gr., skal samkvæmt menningarundiráætluninni styðja:
- a) fjölþjóðleg samstarfsverkefni sem sameina menningarstofnanir og skapandi stofnanir frá ýmsum löndum í starfsemi sem er atvinnugreinabundin eða liggur þvert á atvinnugreinar,
- b) starfsemi sem fer fram í evrópskum netkerfum menningarstofnana og skapandi stofnana frá ýmsum löndum,
- c) starfsemi í stofnunum, með evrópska hagsmuni að leiðarljósi, sem stuðlar að þróun upprennandi hæfileikafólks og hreyfanleika menningarþátttakenda og þátttakenda í skapandi starfi milli landa og dreifingu verka, með möguleika á að hafa viðtæk áhrif á menningargeira og skapandi greinar og skapa langvarandi áhrif,
- d) bókmenntaþýðingar og frekari kynningu á þeim,
- e) sérstakar aðgerðir til þess að auðlegð og fjölbreytni evrópskrar menningar verði sýnilegri og hvetja til skoðana-skipta milli menningarsamfélaga og gagnkvæms skilnings, þ.m.t. menningarverðlaun Sambandsins, aðgerðin menningarhöfuðborg Evrópu og aðgerðin menningarmínjamerki Evrópu,
2. Þær ráðstafanir, sem eru tilgreindar í 1. mgr., skulu einkum styðja verkefni sem ekki eru unnin í hagnaðarskyni.

### IV. KAFLI

#### Þverfaglegt áætlanasvið

#### 14. gr.

#### Ábyrgðarfyrirgreiðsla við menningargeira og skapandi greinar

1. Framkvæmdastjórnin skal koma á ábyrgðarfyrirgreiðslu við menningargeirana og skapandi greinar.

Reka skal ábyrgðarfyrirgreiðsluna sem sjálfstætt stjórnæki og koma því á og stjórna í samræmi við VIII. bálk fjárhagsreglugerðarinnar.

2. Eftirfarandi skal hafa forgang að því er ábyrgðarfyrirgreiðsluna varðar:

- a) að auðvelda aðgang lítilla og meðalstórra fyrirtækja, örstofnana og lítilla og meðalstórra stofnana í menningargeirum og skapandi greinum að fjármögnun,
- b) að bæta getu þátttakandi fjármálamilillíða til að meta áhættu í tengslum við lítil og meðalstór fyrirtæki, örstofnanir og litlar og meðalstórar stofnanir í menningargeirum og skapandi greinum og verkefni þeirra, þ.m.t. með tækniástoð, uppbyggingu þekkingar og ráðstöfunum til netsamstarfs.

Forgangsverkefnum skal hrundið í framkvæmd í samræmi við I. viðauka.

3. Í samræmi við 4. mgr. 139. gr. fjárhagsreglugerðarinnar skal framkvæmdastjórnin koma ábyrgðarfyrirgreiðslunni í framkvæmd með óbeinum stjórnunarmáta með því að fela Fjárfestingarsjóði Evrópu verkefni, eins og um getur í iii-lið c-liðar 1. mgr. 58. gr. þeirrar reglugerðar, með fyrirvara um skilmála í samningi milli framkvæmdastjórnarinnar og Fjárfestingarsjóðs Evrópu.

#### 15. gr.

#### Samstarf milli landa um stefnumótun

1. Til þess að efla samstarf milli landa um stefnumótun skal þverfaglega áætlanasviðið styðja:

- a) miðlun reynslu og verkunnáttu milli landa í tengslum við ný viðskipta- og stjórnunarlíkön, jafningjafræðslu og netsamstarf meðal menningarstofnana og skapandi stofnana og stefnumótenda um þróun menningargeira og skapandi greina, jafnframt því að efla stafrænt netsamstarf eftir því sem við á,
- b) söfnun markaðsupplýsinga, rannsóknir, greiningu á þörfum vinnu- og markaðarins og færniþörf, greiningu á evrópskum og landsbundnum stefnum í menningarmálum og stuðning við tölfræðikannanir, byggðum á gerningum og viðmiðunum fyrir hvern geira, og mat, þ.m.t. mælingu á öllum þáttum áhrifa af áætluninni,
- c) greiðslu gjalds fyrir aðild Sambandsins að athugunarstöðinni til að stuðla að söfnun upplýsinga og greiningu í hljóð- og myndmiðlageiranum,

- d) prófun á nýjum og þverfaglegum viðskiptaaðferðum við að fjármagna og dreifa sköpunarverkum og koma þeim í verð,
- e) ráðstefnur, málstofur og stefnumótandi skoðanaskipti, þ.m.t. á sviði menningar- og fjölmiðlalæsis, jafnframt því að efla stafrænt netsamstarf eftir því sem við á,
- f) skrifstofurnar fyrir skapandi Evrópu, sem um getur í 16. gr., og framkvæmd á verkefnum þeirra.

2. Eigi síðar en 30. júní 2014 skal framkvæmdastjórnin gera hagkvæmniathugun, þar sem kannaður er möguleikinn á að taka saman og greina upplýsingar í öðrum menningargeirum og skapandi greinum en hljóð- og myndmiðlageiranum, og leggja niðurstöður þeirrar athugunar fyrir Evrópuþingið og ráðið.

Framkvæmdastjórnin getur lagt fram tillögu um breytingu á þessari reglugerð til samræmis við niðurstöður úr hagkvæmniathuguninni.

*16. gr.*

**Skrifstofur fyrir skapandi Evrópu**

- 1. Þau lönd sem taka þátt í áætluninni skulu ásamt framkvæmdastjórninni setja á laggirnar skrifstofur fyrir skapandi Evrópu í samræmi við innlend lög og starfsvenjur („skrifstofur fyrir skapandi Evrópu“).
- 2. Framkvæmdastjórnin skal styðja netkerfi skrifstofa fyrir skapandi Evrópu.
- 3. Skrifstofurnar fyrir skapandi Evrópu skulu sjá um eftirfarandi verkefni, jafnframt því að taka tillit til sérstakra einkenna hvers geira:
  - a) veita upplýsingar um og efla áætlunina í sínu landi,
  - b) aðstoða menningargeira og skapandi greinar í tengslum við áætlunina og veita grundvallarupplýsingar um aðra viðeigandi möguleika á stuðningi samkvæmt stefnu Sambandsins,
  - c) örva samstarf yfir landamæri innan menningargeira og skapandi greina,
  - d) styðja framkvæmdastjórnina með því að veita aðstoð til menningargeira og skapandi greina í löndum sem taka þátt í áætluninni, t.d. með því að veita tiltækar upplýsingar um þessa geira,
  - e) styðja framkvæmdastjórnina í að tryggja viðeigandi dreifingu og miðlun upplýsinga um árangur og áhrif af áætluninni,

- f) tryggja dreifingu og miðlun upplýsinga um veittan fjárstuðning Sambandsins og þann árangur sem náðst hefur fyrir viðkomandi land.

4. Framkvæmdastjórnin skal, í samstarfi við aðildarríkin, tryggja gæði og árangur þeirra þjónustu, sem skrifstofurnar fyrir skapandi Evrópu veita, með reglubundinni og óháðri vöktun og mati.

*V. KAFLI*

**Árangur og miðlun**

*17. gr.*

**Samræmi og fylling**

1. Framkvæmdastjórnin skal, í samstarfi við aðildarríkin, tryggja almennt samræmi og fyllingu áætlunarinnar með:

- a) viðeigandi stefnum Sambandsins, s.s. á sviði menntamála, atvinnumála, heilbrigðismála, innri markaðarins, stafrænu áætlunarinnar, æskulýðsmála, borgararéttar, samskipta við önnur ríki, viðskipta, rannsókna og nýsköpunar, fyrirtækja, ferðamála, dómsmála, stækkunar og þróunar,
- b) öðrum viðeigandi fjármögnunarleiðum Sambandsins að því er varðar menningar- og fjölmiðlastefnu, einkum Félagsmálasjóði Evrópu, Byggðapróunarsjóði Evrópu og rannsóknar- og nýsköpunaráætlunum, ásamt fjármála-gerningum um dómsmál og borgarétt, áætlunum um erlent samstarf og foraðildargerningum.

2. Reglugerð þessi skal gilda og hún skal framkvæmd með fyrirvara um alþjóðlegar skuldbindingar Sambandsins.

*18. gr.*

**Vöktun og mat**

1. Framkvæmdastjórnin skal tryggja reglubundna vöktun og utanaðkomandi mat á áætluninni með eigindlegum og meginlegum árangursvísbendum sem eru tilgreindir hér á eftir:

- a) vísar fyrir almenn markmið sem um getur í 3. gr.:
  - i. stærð, breytingar og hluti menningargeira og skapandi greina í atvinnulífi og vergri landsframleiðslu,
  - ii. fjöldi þess fólks sem hefur aðgang að evrópskum menningar- og sköpunarverkum, þ.m.t. frá öðrum löndum en sínu eigin ef kostur er,

- b) vísar fyrir sértæk markmið sem um getur í a-lið 4. gr.:
- i. umfang alþjóðlegrar starfsemi menningarstofnana og skapandi stofnana og hve oft stofnað er til fjölþjóðlegs samstarfs,
  - ii. fjöldi tilvika af námsreynslu og -starfsemi sem nýtur stuðnings samkvæmt áætluninni og hefur bætt hæfni og aukið ráðningarhæfi meðal menningarþátttakenda og þátttakenda í skapandi starfi, þ.m.t. fagfólks í hljóð- og myndmiðlageiranum,
- c) vísar fyrir sértæk markmið sem um getur í b-lið 4. gr. að því er varðar MEDIA-undiráætlunina:
- i. fjöldi kvikmyndahúsgesta í Evrópu á kvikmyndir frá öðrum Evrópulöndum og á evrópskar kvikmyndir á heimsvísu (10 mikilvægustu markaðirnir utan Evrópu),
  - ii. hundraðshluti evrópskra hljóð- og myndmiðlaverka í kvikmyndahúsum, í sjónvarpi og á stafrænum vettvangi,
  - iii. fjöldi einstaklinga í aðildarríkjunum sem hafa aðgang að evrópskum hljóð- og myndmiðlaverkum frá öðrum Evrópulöndum og fjöldi einstaklinga í löndum sem taka þátt í áætluninni sem hafa aðgang að evrópskum hljóð- og myndmiðlaverkum,
  - iv. fjöldi evrópskra skjáleikja sem eru framleiddir í Sambandinu og í löndum sem taka þátt í áætluninni,
- d) vísar fyrir sértæk markmið sem um getur í b-lið 4. gr. að því er varðar menningarundiráætlunina:
- i. fjöldi einstaklinga sem beint eða óbeint næst til með verkefnum sem njóta stuðnings áætlunarinnar,
  - ii. fjöldi verkefna sem er beint að börnum, ungmennum og hópum sem eiga sér fáa málsvara og áætlaður fjöldi einstaklinga sem næst til,
- e) vísar fyrir sértæk markmið sem um getur í c-lið 4. gr.:
- i. umfang lána sem eru tryggð innan ramma ábyrgðar-fyrirgreiðslunnar, flokkuð eftir landsbundnum uppruna, stærð og geira lítilla og meðalstórra fyrirtækja, örstofnana og lítilla og meðalstórra stofnana,
  - ii. umfang lána sem þátttakandi fjármálamilliliðir veita, flokkuð eftir landsbundnum uppruna,
  - iii. fjöldi og landfræðileg dreifing þátttakandi fjármálamilliliða,
  - iv. fjöldi lítilla og meðalstórra fyrirtækja, örstofnana og lítilla og meðalstórra stofnana sem njóta ávinnings af ábyrgðarfyrirgreiðslunni, flokkuð eftir landsbundnum uppruna, stærð og geira,
  - v. meðaltal vanskilahlutfalls lána,
  - vi. þau vogunaráhrif sem náðst hafa með tryggðum lánnum með hliðsjón af leiðbeinandi vogunaráhrifum (1:5,7),
- f) vísar fyrir sértæk markmið sem um getur í d-lið 4. gr.:
- i. fjöldi aðildarríkja sem nýta sér niðurstöður opins samráðsferlis í eigin stefnumótun,
  - ii. fjöldi nýrra framtaksverkefna og árangur af stefnumörkunstarfi.
2. Taka skal tillit til niðurstaðna eftirlits- og matsferlisins við framkvæmd áætlunarinnar.
  3. Auk reglubundinnar vöktunar á áætluninni skal framkvæmdastjórnin á grundvelli utanaðkomandi, sjálfstæðs mats sjá til þess að gerð verði áfangamatsskýrsla, sem:
    - a) nær yfir eigindleg og meginindleg atriði, til þess að meta hve vel tekst að ná markmiðum áætlunarinnar, skilvirkni áætlunarinnar og evrópskan virðisauka hennar,
    - b) tekur til möguleikanna á að einfalda áætlunina, innra og ytra samhengis, áframhaldandi mikilvægis allra markmiða og framlags ráðstafana til þess forgangsverkefnis Sambandsins að stuðla að hugvittsamlegum hagvexti, sjálfbærum hagvexti og hagvexti fyrir alla,
  - c) tekur tillit til matsniðurstaðna um langtímaáhrif ákvörðunar nr. 1718/2006/EB, nr. 1855/2006/EB og nr. 1041/2009/EB.
  4. Framkvæmdastjórnin skal leggja áfangamatsskýrsluna, sem um getur í 3. mgr., fyrir Evrópuþingið og ráðið eigi síðar en 31. desember 2017.
  5. Framkvæmdastjórnin skal sjá til þess, á grundvelli utanaðkomandi, sjálfstæðs mats, að samin verði lokamatsskýrsla með mati á langtímaáhrifum og sjálfbærni áætlunarinnar á grundvelli valinna meginlegra og eigindlegra vísa. Með tilliti til hinna sértæku markmiða, sem um getur í c-lið 4. gr., skal framkvæmdastjórnin einnig meta áhrifin af ábyrgðarfyrirgreiðslunni á aðgang lítilla og meðalstórra fyrirtækja, örstofnana og lítilla og meðalstórra stofnana í menningargeirum og skapandi greinum að bankalánnum ásamt tilheyrandi kostnaði.
  6. Framkvæmdastjórnin skal leggja lokamatsskýrslu, sem um getur í 5. mgr., fyrir Evrópuþingið og ráðið eigi síðar en 30. júní 2022.

## 19. gr.

**Dreifing og miðlun**

1. Framkvæmdastjórnin skal veita löndum sem taka þátt í áætluninni upplýsingar um þau verkefni, sem hafa fengið fjárstuðning Sambandsins, með því að senda ákvarðanir um val innan tveggja vikna frá því að þær eru samþykktar.
2. Þeir sem njóta ávinnings af verkefnum, sem áætlunin styður, skulu tryggja dreifingu og miðlun upplýsinga um þann fjárstuðning sem þeir hafa fengið frá Sambandinu og þann árangur sem hefur náðst.
3. Framkvæmdastjórnin skal tryggja að viðeigandi upplýsingum sé miðlað til skrifstofanna fyrir skapandi Evrópu.

## VI. KAFLI

**Framseldar gerðir**

## 20. gr.

**Framsal valds til framkvæmdastjórnarinnar**

Framkvæmdastjórnin skal hafa vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 21. gr., sem koma þá til viðbótar eigindlegum og meginlegum árangursvísibendum sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 18. gr.

## 21. gr.

**Beiting framsals**

1. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, sbr. þó skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein.
2. Framkvæmdastjórnin skal hafa vald til að samþykkja framseldu gerðirnar, sem um getur í 20. gr., meðan áætlunin varir.
3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla framsal valds sem um getur í 20. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endir á framsal þess valds sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.
4. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.
5. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 20. gr., skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlun sína að hreyfa ekki andmælum. Þetta tímabil skal framlengt um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

## VII. KAFLI

**Framkvæmdarákvæði**

## 22. gr.

**Framkvæmd áætlunarinnar**

1. Framkvæmdastjórnin skal hrinda áætluninni í framkvæmd í samræmi við fjárhagsreglugerðina.
2. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja með framkvæmdargerðum árlega starfsáætlun fyrir undiráætlanirnar og þverfaglega áætlanasviðið. Framkvæmdastjórnin skal í árlegu starfsáætluninni tryggja að almenn og sértæk markmið, sem eru tilgreind í 3. og 4. mgr., og forgangsverkefni, sem eru tilgreind í 9. og 12. gr., séu framkvæmd árlega með samræmdum hætti og gera grein fyrir áætludum árangri, aðferðinni við framkvæmdina og heildarfjárhæð fjármögnunaráætlunarinnar. Árlega starfsáætlunin skal einnig innihalda lýsingu á þeim ráðstöfunum sem á að fjármagna, upplýsingar um þá fjárhæð sem er veitt til hvernar ráðstöfunar og leiðbeinandi tímaáætlun um framkvæmdina.

Að því er fjárstyrki varðar skal árlega starfsáætlunin taka til forgangsverkefna, aðstoðarhæfis, val- og úthlutunarviðmiðana og hámarkshlutfalls sameiginlegrar fjármögnunar. Fjárframlag frá áætluninni skal vera mest 80% af kostnaði við aðgerðir sem njóta stuðnings.

Að því er varðar ábyrgðarfyrirgreiðsluna skal árlega starfsáætlunin taka til aðstoðarhæfis og valviðmiðana fyrir fjármálamilliliði, útilokunarviðmiðana að því er varðar innihald verkefna sem lögð eru fyrir þátttakandi fjármálamilliliði, árlegrar úthlutunar til Fjárfestingarsjóðs Evrópu og aðstoðarhæfis, val- og úthlutunarviðmiðana fyrir aðila sem sjá um að byggja upp færni.

Samþykkja skal þessar framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 4. mgr. 23. gr.

3. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja almennar viðmiðunarreglur til framkvæmdar áætluninni í samræmi við ráðgjafarnefndarmeðferðina sem um getur í 3. mgr. 23. gr.

## 23. gr.

**Nefndarmeðferð**

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar („nefndin um skapandi Evrópu“). Þessi nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.
2. Nefndinni um skapandi Evrópu er heimilt að koma saman í tilteknum samsetningum til að fjalla um sérstök mál í tengslum við undiráætlanirnar og þverfaglega áætlanasviðið.
3. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.
4. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

## 24. gr.

**Fjárhagsákvæði**

1. Fjárhagsramminn til að hrinda áætluninni í framkvæmd, á tímabilinu 1. janúar 2014 til 31. desember 2020, er 1 462 724 000 evrur á gangverði.

Árlegar fjárveitingar skulu háðar samþykki Evrópuþingsins og ráðsins og rúmast innan fjárhagsrammans til marga ára.

2. Fjárhagsrammanum, sem um getur í 1. mgr., skal skipt sem hér segir:

- a) að lágmarki 56% til MEDIA-undiráætlunarinnar,
- b) að lágmarki 31% til menningarundiráætlunarinnar,
- c) að hámarki 13% til hins þverfaglega áætlanasviðs, þar af er a.m.k. 4% úthlutað til fjölþjóðlegra samstarfsráðstafana sem eru taldar upp í 15. gr. og skrifstofanna fyrir skipandi Evrópu.

3. Stjórnsýslukostnaður í tengslum við framkvæmd áætlunarinnar skal vera hluti þeirrar úthlutunar sem er sett fram í 2. mgr. og skal heildarfjárhæð þess kostnaðar vera mest 7% af fjárhagsáætlun áætlunarinnar og þar af skal úthluta 5% til framkvæmdar MEDIA-undiráætlunarinnar og 2% til framkvæmdar menningarundiráætlunarinnar.

4. Fjárhagsramminn, sem um getur í 1. mgr., getur náð yfir útgjöld í tengslum við starfsemi er varðar undirbúning, vöktun, endurskoðun og mat, sem er beinlínis nauðsynleg við stjórnun áætlunarinnar og til að ná markmiðum hennar, einkum aðgerðir er varða rannsóknir, fundi sérfræðinga, upplýsingar og samskipti, þ.m.t. samskipti innan stofnana um pólitísk forgangsverkefni Sambandsins að svo miklu leyti sem þau varða almenn markmið áætlunarinnar, útgjöld sem tengjast upplýsingatæknineti fyrir vinnslu og miðlun upplýsinga og öll önnur útgjöld vegna tækni- og stjórnsýsluáðstoðar sem framkvæmdastjórnin stofnar til við stjórnun áætlunarinnar.

5. Fjárhagsramminn, sem um getur í 1. mgr., getur náð til útgjalda vegna tækni- og stjórnsýsluáðstoðar sem er nauðsynleg til að tryggja umskiptin milli ráðstafananna sem voru samþykktar með ákvörðun nr. 1718/2006/EB, nr. 1855/2006/EB og nr. 1041/2009/EB og þessarar reglugerðar.

Ef þörf krefur má færa fjárveitingar í fjárhagsáætlunina eftir 2020 til að standa straum af svipuðum kostnaði svo að unnt sé að greiða fyrir framkvæmd aðgerða sem ekki er lokið fyrir 31. desember 2020.

6. Þrátt fyrir 2. mgr. 130. gr. fjárhagsreglugerðarinnar, og í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum, getur framkvæmdastjórnin litið svo á að kostnaður, sem tengist beint framkvæmd starfsemi og aðgerða sem njóta stuðnings, sé aðstoðarhæfur jafnvel þótt styrkþegi hafi stofnað til hans áður en styrkumsóknin var lögð fram.

## 25. gr.

**Verndun fjárhagslegra hagsmuna Sambandsins**

1. Framkvæmdastjórnin skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja vernd hagsmuna Sambandsins þegar gripið er til aðgerða, sem fjármagnaðar eru samkvæmt þessari reglugerð, með því að beita aðgerðum til að fyrirbyggja svik, spillingu og hvers konar annað ólöglegt athæfi, með því að beita skilvirku eftirliti og ef í ljós koma misfellur, með því að endurheimta fjárhæðir sem hafa verið ranglega greiddar og, eftir því sem við á, með fjárhagslegum og stjórnsýslulegum viðurlögum sem eru skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og letjandi.

2. Framkvæmdastjórnin eða fulltrúar hennar og Endurskoðunarrétturinn skulu hafa heimild til að láta fara fram endurskoðun, á grundvelli skjala og vettvangseftirlits og -skoðana, hjá öllum styrkþegum, verktökum og undirverktökum sem hafa fengið fjárstyrk Sambandsins samkvæmt áætluninni.

3. Evrópuskrifstofan um aðgerðir gegn svikum getur hafið athuganir, þ.m.t. eftirlit og athuganir á vettvangi, í samræmi við ákvæði og verklagsreglur sem mælt er fyrir um í reglugerð (KBE, EB) nr. 2185/96 og reglugerð (ESB, KBE) nr. 883/2013, til að ganga úr skugga um hvort um svik, spillingu og annað ólöglegt athæfi hafi verið að ræða sem hefur áhrif á fjárhagslega hagsmuni Sambandsins í tengslum við styrksamning, styrkávörðun eða samning sem er fjármagnaður samkvæmt áætluninni.

4. Með fyrirvara um 1., 2. og 3. mgr. skulu samstarfs-samningar við þriðju lönd og alþjóðastofnanir, samningar, styrksamningar og styrkákvarðanir, sem leiðir af framkvæmd þessarar reglugerðar, innihalda ákvæði sem veita framkvæmdastjórninni, Endurskoðunarréttinum og Evrópuskrifstofunni um aðgerðir gegn svikum heimild til að láta fara fram slíkar endurskoðanir og rannsóknir í samræmi við valdheimildir hvers þeirra um sig.

*VIII. KAFLI***Lokaákvæði**

## 26. gr.

**Niðurfelling og bráðabirgðaákvæði**

1. Ákvarðanir 1718/2006/EB, 1855/2006/EB og 1041/2009/EB eru hér með felldar úr gildi frá og með 1. janúar 2014.

2. Starfsemi, sem ráðist er í fyrir 31. desember 2013 á grundvelli þeirra ákvarðana sem um getur í 1. mgr., skal, þar til henni lýkur, áfram stjórnad í samræmi við þær ákvarðanir.

27. gr.

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá og með 1. janúar 2014.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 11. desember 2013.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

*forseti.*

M. SCHULZ

*Fyrir hönd ráðsins,*

*forseti.*

V. LEŠKEVIČIUS

\_\_\_\_\_

## I. VIÐAUKI

**FRAMKVÆMDARFYRIRKOMULAG ÁBYRGÐARFYRIRGREIÐSLU VIÐ MENNINGARGEIRA OG SKAPANDI GREINAR**

Fjárstuðningur, sem veittur er með ábyrgðarfyrirgreiðslunni, skal ætlaður litlum og meðalstórum fyrirtækjum, örstofnunum og litlum og meðalstórum stofnunum í menningargeirum og skapandi greinum, lagaður að sértækum þörfum þessara geira og markaðssettur sem slíkur stuðningur.

## 1. Verkefni

Ábyrgðarfyrirgreiðslan skal:

- a) veita ábyrgðir til þátttakandi fjármálamililiða frá hvaða landi sem er sem tekur þátt í ábyrgðarfyrirgreiðslunni,
- b) miðla frekari sérþekkingu til þátttakandi fjármálamililiða til að meta áhættu í tengslum við lítil og meðalstór fyrirtæki, örstofnanir og litlar og meðalstórar stofnanir og menningarverkefni þeirra og skapandi verkefni.

## 2. Val á þátttakandi fjármálamililiðum

Fjárfestingarsjóður Evrópu skal velja þátttakandi fjármálamililiði í samræmi við bestu markaðsvenjur og sértæku markmiðið sem um getur í c-lið 4. gr. Í valviðmiðunum skal einkum koma fram:

- a) umfang lánsfjármögnunar sem lítil og meðalstór fyrirtæki, örstofnanir og litlar og meðalstórar stofnanir fá aðgang að,
- b) áhættustýringarstefna fyrir lánveitingar, einkum í tengslum við menningarverkefni og skapandi verkefni,
- c) geta til að byggja upp fjölbætt lánasafn og leggja til markaðssetningar- og kynningaráætlun við lítil og meðalstór fyrirtæki, örstofnanir og litlar og meðalstórar stofnanir þvert á svæði og geira.

## 3. Gildistími ábyrgðarfyrirgreiðslunnar

Gildistími einstakra ábyrgða getur verið allt að því 10 ár.

Í samræmi við i-lið 3. mgr. 21. gr. fjárhagsreglugerðarinnar skal þeim endurgreiðslum, sem leiðir af ábyrgðunum, úthlutað til ábyrgðarfyrirgreiðslunnar á tímabili sem er ekki lengra en skuldbindingartímabilið að viðbættum tíu árum. Þeim endurgreiðslum, sem eru í samræmi við ákvæði viðeigandi úthlutunarsamninga með aðgerðum MEDIA-framleiðsluábyrgðarsjóðsins sem er stofnaður fyrir 2014, skal úthlutað til ábyrgðarfyrirgreiðslunnar á tímabilinu 2014-2020. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna aðildarríkjunum um slíkar úthlutanir fyrir milligöngu nefndarinnar um skapandi Evrópu.

## 4. Uppbygging færni

Uppbygging færni samkvæmt ábyrgðarfyrirgreiðslunni felst í því að miðla sérþekkingu til þátttakandi fjármálamililiða til að auka skilning þeirra á menningargeirum og skapandi greinum (t.d. að eignir sem lagðar eru fram sem trygging eru óáþreifanlegar, að markaðurinn er of lítill til að ná virkri stærð og að vörur og þjónusta eru í raun frumgerðir) og að miðla frekari sérþekkingu til sérhvers þátttakandi fjármálamililiðar við uppbyggingu eignasafna og að meta áhættu í tengslum við menningarverkefni og skapandi verkefni.

Það fjármagn sem veitt er til að byggja upp færni skal takmarkast við 10% af fjárhagsáætlun ábyrgðarfyrirgreiðslunnar.

Fjárfestingarsjóður Evrópu skal velja aðila sem sjá um að byggja upp færni fyrir ábyrgðarfyrirgreiðsluna og undir eftirliti framkvæmdastjórnarinnar með opinberu og almennu innkaupaferli á grundvelli viðmiðana, s.s. reynslu af fjármögnun menningargeira og skapandi greina, sérþekkingar, landfræðilegs umfangs, afhendingarhæfni og markaðskunnáttu.

## 5. Fjárhagsáætlun

Fjárlagaheimild skal taka til heildarkostnaðar við ábyrgðarfyrirgreiðsluna, þ.m.t. greiðsluskuldbindinga við þátttakandi fjármálamililiði, s.s. taps vegna ábyrgða, stjórnunarkostnaðar fyrir Fjárfestingarsjóð Evrópu sem stjórnar fjármagni Sambandsins og annars styrkhæfs kostnaðar eða útgjalda.

6. Sýnileiki og vitundarvakning

Fjárfestingarsjóður Evrópu skal stuðla að eflingu ábyrgðarfyrirreiðslunnar gagnvart evrópska bankageiranum. Auk þess skal hver þátttakandi fjármálamililiður og Fjárfestingarsjóður Evrópu sjá til þess að stuðningurinn, sem fæst með ábyrgðarfyrirreiðslunni, sé hæfilega sýnilegur og gagnsær með því að veita markhópi lítilla og meðalstórra fyrirtækja, örstofnana og lítilla og meðalstórra stofnana upplýsingar um fjármögnunarmöguleika.

Í því skyni skal framkvæmdastjórnin m.a. veita netkerfi skrifstofanna fyrir skapandi Evrópu nauðsynlegar upplýsingar til að gera þeim kleift að vinna verkefni sín.

7. Tegundir lána

Tegundir lána, sem falla undir ábyrgðarfyrirreiðsluna, skulu einkum ná yfir:

- a) fjárfestingar í áþreifanlegum eða óáþreifanlegum eignum,
- b) yfirfærslur fyrirtækja,
- c) rekstrarfé (s.s. bráðabirgðafjármagn, varafjármagn, sjóðstreymi, lánalínur).

—————



*II. VIÐAUKI***MERKI MEDIA-UNDIRÁÆTLUNARINNAR**

Merki MEDIA-undiráætlunarinnar er eftirfarandi:

